

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 668/2003

frá 11. apríl 2003

um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 9. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að ekki megi setja aukefni í dreifingu nema leyfi Bandalagsins hafi verið veitt fyrir því.
- 2) Veita má varanlegt leyfi fyrir aukefni til notkunar í fódri, sem þegar hefur verið veitt leyfi fyrir, ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipuninni, eru uppfyllt.
- 3) Bráðabirgðaleyfi var fyrst veitt fyrir ensímefnablöndunni, sem fjallað er um í þessari reglugerð, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1436/98 ⁽³⁾ í samræmi við tilskipun ráðsins 93/113/EB ⁽⁴⁾ í framhaldi af jákvæðu álitni vísindanefndarinnar um fódur (SCAN), einkum með tilliti til öryggis vörunnar. Bráðabirgðaleyfi þessa aukefnis var framlengt til 30. júní 2004 ⁽⁵⁾ í samræmi við reglugerð 70/524/EBE.
- 4) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um leyfi án tímamarka fyrir ensímefnablöndunni sem tilgreind eru í þessari reglugerð.
- 5) Þann 4. desember 2002 lagði vísindanefndin um fódur fram jákvætt álit um áhrif ensímefnablöndunnar samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

- 6) Að teknu tilliti til álitis vísindanefndarinnar um fódur sýnir mat á leyfisumsókn sem lögð var fram vegna ensímefnablöndunnar að skilyrðin, sem kveðið er á um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt. Því skal veita leyfi fyrir efnablöndunni í ótakmarkaðan tíma.
- 7) Athugun á umsókninni sýnir að ákveðnar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum efnanna sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd ætti þó að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁶⁾.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa til bráðabirgða efnablönduna, sem tilheyrir floknum „ensím“ og tilgreind er í viðaukanum, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 191, 7.7.1998, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 334, 31.12.1993, bls. 17.

⁽⁵⁾ Síðasta framlenging í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2200/2001 (Stjtið. EB L 299, 15.11.2001, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virkieiningar/kg heilföðurs			
Ensím								
1601	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (NRRL 25541) með virkni að lágmarki: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 100 U ⁽¹⁾ /g endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 600 U ⁽²⁾ /g	Eldiskjúklingar	—	endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 138 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 200 U	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 138 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 200 U Til nota í fæðublöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönnum og beta-glúkönnum), t.d. blandað fóður úr korni (t.d. byggi, hveiti, rúgi og rúghveiti) 	Án tímamarka
<p>⁽¹⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr höfrum við pH 4,0 og 30 °C.</p> <p>⁽²⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr höfrum við pH 4,0 og 30 °C.</p>								